



## 53. ársþing BLÍ

Haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal í Reykjavík, föstudaginn 28. mars 2025, kl. 18:00

### 1. Þingsetning, kosning þingforseta og ritara

Grétar Eggertsson formaður stjórnar BLÍ setti þing kl. 18:07 og tilnefndi Valdimar Leó Friðriksson sem þingforseta, samþykkt.

Einar Friðgeir Björnsson tilnefndur sem þingritarar, samþykkt

Báðir taka til starfa.

### 2. Kosning í starfsnefndir þingsins;

a) Kjörbréfanefnd, lagt til að Lúðvík Már Matthíasson sé formaður og með honum Sigríður Þrúður Þórarinsdóttir og Katrín Einarsdóttir, samþykkt. Þau tóku strax til starfa.

b) Fjárhagsnefnd, lagt til að Unnur Ása Atladóttir sé formaður, samþykkt samhljóða.

d) Allsherjarnefnd, lagt til að Gunnar Gunnarsson sé formaður, samþykkt samhljóða.

Lögmæti þings var kannað og engar athugasemdir gerðar. Þingið sagt lögmætt.

### 3. Skýrsla stjórnar

Grétar fer með skýrslu stjórnar. Hún er aðgengileg á heimasíðu BLÍ.

Lúðvík Már gerir grein fyrir kjörbréfum, 37 atkvæði á kjörbréfum frá 15 félögum, 30 mættir

Kjörbréf samþykkt .

### 4. Reikningar síðasta starfsárs

Reikningar kynntir af gjaldkera stjórnar, Unnur Ása Atladóttir.

Fyrirspurnir um einstaka liði => útskýringar komu frá framkvæmdastjóra og formanni.

Reikningum vísað til fjárhagsnefndar.

## 5. Ávarp fulltrúa ÍSí

Andri Stefánsson úr framkvæmdastjórn ÍSí. (Á fundinum voru einnig Hafsteinn Pálsson og Valdimar Leó Friðriksson úr stjórn ÍSí).

Andri flutti kveðju frá stjórn og starfsfólki ÍSí.

Talaði um að sömu málefni væru tekin fyrir ár eftir ár, lítið breytist. Vantar að fá nýja kynslóð inn í sjálfboðaliðastarfið.

Stöðugt samtal við yfirvöld um aukningu ríkisstyrkja til sérsambanda ÍSí en gengur hægt. Einnig er verið að berjast fyrir stækkun ferðasjóðs ÍSí. Mikil áhersla á afreksmál innan ÍSí og hefur sá sjóður stækkað.

Sagði frá samtali við UMFÍ um samstarf milli félaga innan svæða. Hvatningasjóður stofnaður. Tækifæri hjá blakinu að ná til stærri hóps og nýta sér.

Sagði frá fyrirhuguðu ársþingi ÍSí.

## 6. Ávarp annarra boðsgesta

Engin önnur ávörp.

## 7. Fjárhagsáætlun næsta starfsárs

Gjaldkeri stjórnar, Unnur Ása Atladóttir kynnti fjárhagsáætlun fyrir 2025.

Fjárhagsáætlun vísað til fjárhagsnefndar.

## 9. Aðrar tillögur og mál lögð fyrir þingið.

Tillögur sem liggja fyrir ársþingi kynntar. Tillögur eru aðgengilegar fyrir þinggesti á heimasíðu BLÍ.

1. Reglugerð um íslenska leikmenn í efstu deildum blaksins á Íslandi - frá stjórn BLÍ. Formaður kynnti tillöguna.
2. Reglugerð um aðgönguskírteini á blakleiki - frá stjórn BLÍ. Formaður kynnti.
3. Breytingartillaga á grein 7 um nýtingu ósamningsbundinna leikmanna í kjölfar meiðsla eða slysa - frá Aftureldingu. Guðrún Kristín Einarsdóttir kynnti.
4. Breytingartillaga á Reglugerð um íslenska leikmenn í efstu deild hjá Blaksambandi Íslands - frá Þrótti Rvk. Dana Gunnarsdóttir og Eldey Hrafnadóttir kynntu.
5. Breytingartillögur við tillögu 1 - Formaður kynnti.
  - 5.1. Breytingartillaga - Viðurlög við brotum á reglum
  - 5.2. Breytingartillaga - Breyting á orðalagi um heiti á reglugerð - Gildir líka fyrir bikarkeppni
  - 5.3. Breytingartillaga - Gildissvið reglugerðarinnar - Gildir líka fyrir bikarkeppni
  - 5.4. Breytingartillaga - Skilgreining á íslenskum leikmanni - skýra aldursmörk 14 ára
  - 5.5. Breytingartillaga - Viðurlög við brotum á reglunum

Öllum tillögum var vísað til Allsherjarnefndar.

#### 10. Umræður um framkomin mál og tillögur

Guðrún Kristín Einarsdóttir - Afturelding. Hugmynd að lagabreytingu frá Aftureldingu sem verður skoðuð frekar og líklega borin undir þing á næsta ári. Varðar kjörgengi félaga á ársþingi og fjölda atkvæða á ársþingi. Bakgrunnur hugmynda að lagabreytingu er ójafnvægi á fjölda atkvæða eftir því hve mörg lið eru skráð í deildir á vegum félags, þ.e. félag með 1 meistaraflokkslið hafi 3 atkvæði en félag með lið í mörgum deildum ásamt BUR starfi hafi 4 atkvæði.

Sigurður Hreinsson - Vestri. Útilokun á Ísraela - Leggur til að þingið sendi áskorun til ÍSÍ þess efnis að Ísraelskir íþróttamenn hljóti sambærilega útilokun frá þátttöku í íþróttaviðburðum og Rússneksir íþróttamenn. Atkvæðagreiðsla var um það hvort tillagan skulu tekin fyrir á þinginu - Það var samþykkt og tillagan send til umfjöllunar í allsherjarnefnd.

Hrafnhildur Brynjólfsson - Þróttur Rvk - Telur tillögu um fjölda Íslendinga í liðum sé mismunun á kostnað þjóðernis erlendra leikmanna.

Guðrún Kristín Einarsdóttir - Afturelding - Ekki verið að meina neinum að æfa og spila blak heldur gefa yngri íslenskum leikmönnum stærri tækifæri.

Þinghlé --- kl. 19:45

#### 11. Nefndarstörf

#### 12. Nefndarálit, tillögur og atkvæðagreiðslur

##### **Allsherjarnefnd:**

Í allsherjarnefnd tóku nánast allir þingfulltrúar þátt í umræðu.

**Tillaga 1.** Í nefndinni var unnin breyting á upphaflegri tillögu að Reglugerð um íslenska leikmenn í efstu deildum blaksins á Íslandi út frá þeim breytingatillögum sem höfðu borist frá Þrótti Rvk (**Tillaga 4**) og stjórn BLÍ (**Tillaga 5**). Endanleg reglugerð fylgir aftast í þessari þinggerð með gullituðum texta þar sem breyting var gerð á upprunalegum texta.

Þingforseti lagði til að greiða atkvæði um breytta reglugerð í einu lagi þar sem umræða og kosning hafði farið fram um einstakar breytingar í Allsherjarnefnd.

Reglugerðarbreyting samþykkt með miklum meirihluta, 5 voru á móti.

**Tillaga 2.** Reglugerð um aðgönguskírteini á blakleiki var ekki breytt í umfjöllun í allsherjarnefnd og var því borin upp til samþykktar óbreytt - Samþykkt samhljóða. Afrit af reglugerð er aftast í þessari þinggerð.

**Tillaga 3.** Breytingartillaga á grein 7 um nýtingu ósamningsbundinna leikmanna í kjölfar meiðsla eða slysa. Lagt til að breytingunni sé vísað til stjórnar þar sem um minniháttar breytingu er að ræða - Samþykkt

Tillaga um útilokun Ísraels var tekin til umræðu í Allsherjarnefnd. Eftir talsverðar umræður ákvað Sigurður að draga tillöguna til baka og því var ekki greitt atkvæði um hana.

#### **Fjárhagsnefnd:**

Umræða um ársreikning og fjárhagsáætlun. Engar athugasemdir í nefnd. Nefndin leggur til að ársreikningur og fjárhagsáætlun séu samþykkt. Samþykkt samhljóða.

13. Ákveðið gjald ævifélaga.

Lagt til að hafa það óbreytt - Samþykkt.

14. Önnur mál

Emil Gunnarsson - HK.

- Mótahald í vetur er varða U-20. HK er með stóran hóp sem fékk lítið að gera. Þarf að styrkja U-20 mót. Skorað á ársþing og stjórn BLÍ að bæta úr verkefnum fyrir þennan aldurshóp á Íslandsmóti. HK er með stóran hóp sem þarf keppnisrými á góðu getustigi. Ekki má samt missa út U20 vettvang, sem hefur verið góður.
- Hefur heyrt af eldri leikmenn í neðri deildum “nenni ekki” að spila við lið með ungum leikmönnum.

Guðrún Kristín Einarsdóttir - Afturelding.

- Skýrsla frá Öldungamóti hjá Aftureldingu liggur fyrir inni á BLÍ síðunni, vantar sambærilegar skýrslur frá mörgum fyrri mótum. Ekki er fjallað um öldungablað á ársþingi og fannst henni vanta umræðuvettvang fyrir þann hluta blaksins.
- Tekur undir með Emil varðandi verkefni fyrir U-20 lið.
- Skólablað BLÍ - mikil vinna hefur verið lögð í það og hefur vakið jákvæðni hjá félögum. Gengur erfiðlega að koma skólamótum í gang. Það þarf meiri aðstoð frá félögum til að keyra verkefnið af stað. Sagði frá stóru skólamóti í Svíþjóð sem haldið er árlega.
- Afreksmiðstöð og tenging við skólastarf. Unnið að skilgreiningu á hvað er afreksmaður í íþróttum og hvernig hann getur komist í tengingu við aðra við sambærilegar aðstæður.
- Transbörn í íþróttum - hvernig er/ætlað blak samfélagið að tækla það mál og gera þeim kleift að taka þátt í íþróttinni?

#### Guðrún Jóna Árnadóttir - Keflavík

- Skólablaskmót haldið í Keflavík sem skilað strax af sér þátttakendum á æfingum. Barna og unglingsstarfið mikilvægast. Aðeins 2 skólar tóku þátt vegna árshátíða hjá öðrum.
- Þurfum fleiri mót fyrir yngri flokka, t.d. héraðsmót (núna eru bara í nóv. og maí).
- Málþing íþróttir fyrir börn með sérþarfir - lítil tækifæri fyrir fatlaða einstaklinga að taka þátt í íþróttastarfi. Skoða allirmed.is

#### Ásgerður Þórunn Hannesdóttir - Álftanes

- Þekkir ekki til umræðu um að ekki sé vilji til að spila við yngri liða.
- Síðasti leikur liða í neðri hluta úrvalsdeildar var í byrjun mars, vantar að fá fleiri leiki fyrir þau lið sem lenda í neðri hlutanum Unbroken deilda.

#### Grétar Eggertsson - BLÍ

- Þakkar fyrir þau erindi sem komið hafa fram.
- Biður félagin að skoða hvaða tækifæri eru til staðar til að gefa börnum með sérþarfir tækifæri á að iðka íþróttir.
- Varðandi ábendingu að á þessu keppnistímabili sé keppni liða í neðri hluta Unbrokendeildarinnar lokið of snemma, að þá var árið á undan gagnrýnt að lið í neðri hluta þyrftu að spila marklitla leiki eftir að deildarkeppni lauk. Þessi umræða sveiflast milli ára og mun líklega halda áfram þar til keppni í neðri hlutanum fær raunverulega þýðingu, t.d. í baráttu um sæti í efstu deild.

#### Rósborg Halldórsdóttir - BLÍ

- Kynning á tillögu að nýju mótafyrirkomulagi gagnvart úrvalsdeildarliðum. Kynningin verður send til allra félaga.

#### 15. Kosningar;

Kosning formanns BLÍ til tveggja ára:

Grétar Eggertsson - einn í framboði - sjálfkjörinn

Kosning eins meðstjórnanda í stjórn BLÍ til tveggja ára:

Elsa Sigrún Elísdóttir býður sig fram í stjórn - samþykkt

Kosning þriggja einstaklinga til varastjórnar BLÍ til eins árs:

Emelía Eiríksdóttir býður sig fram

Lúðvík Már Matthíasson býður sig fram

Lúðvík Kristinsson býður sig fram

Öll samþykkt samhljóða.



Skoðunarmenn reikninga:

Hjörtur Bjarki Halldórsson

Davíð Búi Halldórsson

Áfrýjunardómstóll BLÍ:

Ásgerður Þórunn Hannesdóttir

Matthildur Sverrisdóttir

Guðmundur Ómar Hafsteinsson

Samþykkt.

Aga og úrskurðarnefnd BLÍ

Guðmundur Narfi Magnússon

Jason Ívarsson

Samþykkt.

Grétar sleit þingi.

Þakkaði fyrir góðar umræður um flókin mál.

Þakkaði fráfarandi stjórnarfólki fyrir góð störf og bauð nýtt stjórnarfólk velkomið.

Hvatti þinggesti til að horfa með jákvæðum augum á kynninguna frá Rósborg.

Þingi slitið kl. 23:27

## Endanleg tillaga 1 - Afgreidd frá Allsherjarnefnd

### Reglugerð um íslenska leikmenn í efstu deild og bikarkeppni hjá Blaksambandi Íslands

#### 1. Almenn ákvæði

##### 1.1. Gildissvið reglugerðarinnar

Þessi reglugerð gildir um alla leikmenn sem taka þátt í efstu deild Íslandsmótsins í blaki og skilgreinir hvað telst sem íslenskur leikmaður.

#### 2. Skilgreining á íslenskum leikmanni

Til íslenskra leikmanna teljast þeir sem uppfylla eitt af eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa íslenskan ríkisborgararétt.
- Einstaklingur sem leikur sinn fyrsta keppnisleik á vegum BLÍ frá og með keppnistímabilinu sem leikmaður nær 14 ára aldri á Íslandi, telst íslenskur leikmaður samkvæmt FIVB 2.1.
- Einstaklingur sem leikur keppnisleik í móti á vegum BLÍ á Íslandi með íslensku liði áður en hann nær 18 ára aldri telst íslenskur leikmaður.

##### 2.1. Reglur FIVB um upprunafélag

Samkvæmt FIVB er "upprunafélag" (e. Federation of Origin) leikmanns það félag sem fyrst gefur út leikheimild eða skráir leikmanninn á tímabilinu sem hann verður 14 ára.

Leikmaður sem byrjar að spila blak á Íslandi fyrir 14 ára aldur, eða hefur íslenskt upprunafélag samkvæmt FIVB, telst íslenskur leikmaður.

Leikmaður getur skipt um upprunafélag ef hann hefur ekki leikið með aðallandsliði þess, hefur búið samfellt í nýja landinu í að minnsta kosti þrjú ár og hefur fengið ríkisfang þess.

#### 3. Fjöldi íslenskra leikmanna á velli

##### 3.1. Lágmarksfjöldi íslenskra leikmanna á velli

Í öllum leikjum efstu deildar Íslandsmótsins í blaki skulu vera **a.m.k. tveir (2)** íslenskir leikmenn á velli hjá hverju liði á hverjum tíma.

#### 4. Viðurlög við brotum á reglunum

Ef lið **brýtur gegn grein 3.1. í reglugerð þessari** verða eftirfarandi viðurlög virk:

- **Fyrsta brot:** 3-0 tap (25-0, 25-0, 25-0) og 75.000 ISK sekt.
- **Annað brot:** 3-0 tap (25-0, 25-0, 25-0) og 150.000 ISK sekt.
- **Þriðja brot:** Lið **verður** dæmt úr leik í mótinu.

Ef brot á reglunni á sér stað í úrslitaleik eða úrslitakeppni, er sektin tvöfölduð.

##### 4.1

Kærurétt hafa þeir aðilar sem hafa almennt kærurétt samkvæmt reglugerð um Aga- og

úrskurðarnefnd. Auk þess hefur stjórn og starfsfólk BLÍ rétt til kærú ásamt starfsmönnum leiksins. Að öðru leyti er vísað til reglugerðar um Aga- og úrskurðarnefnd.

## Tillaga 2 - Afgreidd óbreytt frá Allsherjarnefnd

### Reglugerð um aðgönguskírteini

#### 1. Grein

##### GERÐIR SKÍRTEINA

Blaksamband Íslands (BLÍ) gefur út aðgönguskírteini, sem heimila ókeypis aðgang að blakleikjum. BLÍ ákveður með hvaða hætti skírteinin skulu vera gefin út hverju sinni. BLÍ skal halda skrá yfir útgefin aðgönguskírteini.

- a) Aðgönguskírteini A, sem gildir fyrir tvo á alla leiki.
- b) Aðgönguskírteini B, sem gildir fyrir einn á alla leiki.
- c) Aðgönguskírteini D, dómaraskírteini sem gildir fyrir einn á alla leiki.
- d) Aðgönguskírteini F, fjölmiðlaskírteini sem gildir fyrir einn á alla leiki.
- e) Aðgönguskírteini L, leikmannaskírteini sem gildir eingöngu fyrir einn á alla deildarleiki í efstu deild karla og kvenna.

#### 2. grein

##### RÉTTTHAFAR SKÍRTEINA

a. Aðgönguskírteini A skal gefið út til tveggja ára til:

- a) stjórnar BLÍ,
- b) fastanefnda BLÍ,
- c) áfrýjunardómstóls BLÍ,
- d) starfsmanna BLÍ,
- e) formanna blakdeilda,
- f) forseta og framkvæmdastjóra ÍSÍ,
- g) gullmerkishafa BLÍ,
- h) fyrrverandi formanna BLÍ,
- i) samstarfsaðila BLÍ,
- j) landsliðsþjálfara BLÍ,

b. Aðgönguskírteini B skal gefið út til stjórnarmanna og þjálfara félaga í efstu deild karla, efstu deild kvenna,



- c. Aðgönguskírteini D skal gefið út til virkra dómara og eftirlitsdómara skv. ákvörðun dómaranefndar.
- d. Aðgönguskírteini F skal gefið út til þeirra fjölmiðlamanna sem fjalla um íþróttir.
- e. Aðgönguskírteini L skal gefið út til þeirra leikmanna sem spila í efstu deild karla og kvenna og gildir skírteinið eingöngu á venjulega deildarleiki efstu deildar karla og kvenna samkvæmt ákvörðun formannafundar.

### 3. grein

#### NOTKUN SKÍRTEINA

Aðgönguskírteini gildir aðeins fyrir réttthafa þess. Aðeins skal gefa út eitt aðgönguskírteini á hvern einstakling. Starfsmenn í miðasölu geta óskað eftir að einstaklingar með aðgönguskírteini sýni skilríki með mynd þegar aðgönguskírteini er framvísað.

Misnotkun skírteinis getur haft í för með sér innköllun á því. Óheimilt er að gefa út önnur aðgönguskírteini, sem gilda um allt land, en um er getið í þessari reglugerð.

Þegar um bikarúrslit, leiki í úrslitakeppnum og landsleiki er að ræða getur BLÍ krafist þess að réttthafar skírteina sækji aðgöngumiða gegn framvísun skírteinis á fyrirfram auglýstum tíma og gilda þá ekki aðgönguskírteinin sjálf á leikstað. Slíkt fyrirkomulag skal auglýst á heimasíðu BLÍ sem og í tölvupósti til félaga BLÍ. Félög sem leika í úrslitakeppnum geta einnig í samráði við BLÍ fengið leyfi til að krefjast þess sama, það er að handhafar aðgönguskírteina, nálgist miða á fyrirfram auglýstum tíma og gilda þá ekki aðgönguskírteinin sjálf á leikstað. Þetta fyrirkomulag þarf að auglýsa minnst þremur sólahringum fyrir viðkomandi leik af félaginu sem og BLÍ.

Gestalið í úrslitakeppni skal ávalt eiga rétt á að kaupa 30% af seldum aðgöngumiðum á hvern leik. Þann rétt þarf að nýta í síðasta lagi 24 klst. fyrir auglýstan leiktíma.

### 4. grein

#### ÚTGÁFA

Skrifstofa BLÍ annast útgáfu aðgönguskírteina í umboði BLÍ. Félög skulu senda skrifstofu BLÍ nafnalista fyrir 1. september ár hvert.